

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 100/1987. **Kjartan Ingimarsson og
Sjóvátryggingarfélag Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Hjalta Þórarinssyni og

gagnsök

(Guðmundur Ingi Sigurðsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sakaskipting. Likamstjón. Örorkumat.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmennir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1987. Dómkröfur þeirra eru þær, að hinum áfrýjanda dómi verði hrundið og sök skipt í málinu þannig, að gagnáfrýjandi beri sjálfur $\frac{1}{4}$ sakar en $\frac{1}{4}$ verði lagður á stjórnanda bifreiðar aðaláfrýjandans Kjartans Ingimarssonar og aðaláfrýjendum dæmt að bæta gagnáfrýjanda tjón hans í því hlutfalli eftir mati Hæstaréttar. Ennfremur er þess krafist að fjárhæðir verði lækkaðar verulega frá kröfugerð gagnáfrýjanda, málskostnaður í héraði felldur niður en gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1987. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 4.252.200,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 4. júní 1983 til 20. september 1983, 35% frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21,5% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987

til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. október 1987 til 31. október 1987, 20% frá 1. nóvember 1987 til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar 1988 til 29. febrúar 1988 og 19% frá 1. mars 1988 til uppkvaðningar hæstaréttardóms, en eftir það með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir eru hverju sinni, nú 44,4% á ári. Krafist er málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar, sbr. viðmiðunargjaldskrá LMFÍ og framlagðan málskostnaðarreikning auk sölu-skatts, 12% af þóknunarlið.

I.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti, m.a. álitserð prófessors Gunnars Guðmundssonar dr. med., sérfræðings í taugasjúkdómum, um heilsufar gagnáfrýjanda, dags. 16. maí 1988. Í niðurlagi álitserðarinnar segir svo: „Álit: Eins og ég gat í vottorði mínu 25. apríl 1985, tel ég að þau einkenni sem próf. Hjalti kvartar nú um, verði að teljast afleiðingar áverkans er hann hlaut við bifreiðaáreksturinn 4. júní 1983. Vinnugeta Hjalta er enn verulega skert og hefur svo verið allt frá því hann slasaðist í júní 1983. Eins og ég hef áður greint frá, eru helstu kvartanir hans verkir, oft mjög sárir í öxlum og þó einkanlega við öxl við allar hreyfingar og hann hefur verulega kraftminnkun um við öxl og dofatilfinningu sem er mismunandi mikil frá degi til dags í 1. og 2. fingri vinstri handar. Taugaskoðun í dag (16. maí 1988) er eins og hún var 13. mars 1985, a.ö.l. en því að skynminnkunin á fingrum við handar er ekki eins mikil og hún var þá. Mér finnst ósennilegt að ástand próf. Hjalta Þórarinssonar breytist neitt til batnaðar frá því sem nú er.“

Þá hafa verið lagðir fram tveir nýir útreikningar á örorkutjóni gagnáfrýjanda, gerðir af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi, dags. 30. nóvember 1987 og 17. maí 1988. Í síðari útreikningnum reiknast tryggingastærðfræðingnum að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps gagnáfrýjanda nemi á slysdegi:

„Vegna tímabundinnar örorku	kr.	632.700,-
Vegna varanlegrar örorku	kr.	2.806.200,-
Samtals	kr.	3.438.900,-“

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi varð árekstur milli bifreiðar gagnáfrýjanda, R-60225, og fólksflutningabifreiðar aðaláfrýjandans Kjartans, R-660, um kl. 15:00 hinn 4. júní 1983 fyrir framan heimili gagnáfrýjanda að Laugarásvegi 36, Reykjavík. Gagnáfrýjandi hafði beygt til vinstri af hægri vegarhelmingi að innkeyrslu við bílskúr sinn. Í sama mund ætlaði ökumaður bifreiðarinnar R-660 að aka fram úr bifreið gagnáfrýjanda vinstra megin, en rakst þá á vinstri hlið hennar rétt fyrir aftan miðju. Á uppdrætti lögreglu er bifreið gagnáfrýjanda sýnd með framhluta uppi á gangstétt, nokkurn veginn þvert fyrir á veginum, en bifreiðin R-660 með vinstra framhorn við gangstéttarbrún. Báðir ökumenn bifreiðanna eru sammála um það, að afturendi bifreiðar gagnáfrýjanda hafi vitað meira til norðurs eftir áreksturinn heldur en uppdrátturinn sýnir.

Af uppdrættinum má sjá, að bifreið gagnáfrýjanda, sem var 1580 kg að þyngd, hafi kastast að minnsta kosti 4 metra til hliðar við áreksturinn. Af þessu þykir mega ráða að ökumaður bifreiðarinnar R-660 hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og óvarlega, þar sem hann hafði veitt því athygli að gagnáfrýjandi skimaði í kringum sig eins og hann hygðist eitthvað annað fyrir en að halda áfram eftir götunni. Ekki gaf ökumaður bifreiðarinnar R-660 heldur hljóðmerki, áður en hann hugðist aka fram úr bifreið gagnáfrýjanda og braut þar með gegn 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er þá gíltu. Ökumaður bifreiðarinnar R-660 telst því hafa átt sök á árekstrinum.

Hins vegar er ósannað, að gagnáfrýjandi hafi í umrætt sinn gefið stefnumerki um það, að hann hygðist beygja til vinstri inn á bílastæði sitt, sbr. 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga. Þótt svo hafi verið, leysti það hann ekki undan varúðarskyldu, sbr. niðurlagsákvæði 4. mgr. 52. gr. umferðarlaganna. Verður að telja að gagnáfrýjandi hafi ekki sýnt nægilega aðgát gagnvart umferð er kom á eftir, áður en hann beygði til vinstri. Telst hann því einnig hafa átt sök á árekstrinum. Ber því samkvæmt 68. gr. umferðarlaganna að skipta sök í málinu að tiltölu við sök ökumanna. Með hliðsjón af atvikum öllum þykir eiga að skipta sök til helminga, enda eru atvik í þessu máli ekki öldungis hliðstæð atvikum í hinum svokallaða Álfheim-

dómi (Hrd. 1976, bls. 424), að því er varðar afstöðu bifreiðanna eftir áreksturinn, líklegan hraða þeirra og skemmdir á bifreiðunum.

III.

Gagnáfrýjandi hefir sundurliðað dómkröfu sína þannig:

1. Örorkutjón	kr.	3.438.900,00
2. Miskabætur	kr.	500.000,00
3. Tjón á bifreiðinni R-60225	kr.	310.000,00
4. Gjald fyrir afnotamissi	kr.	3.300,00
	kr.	<u>4.252.200,00</u>

Um 1. lið:

Fallast ber á þá afgreiðslu héraðsdómara að hafna beri bótakröfu gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar örorku að fjárhæð 632.700,00 krónur.

Að því er varðar bótakröfu gagnáfrýjanda fyrir varanlega örorku, að fjárhæð 2.806.200,00 krónur, ber að hafa í huga að gagnáfrýjandi gegndi áfram eftir slysið fyrra aðalstarfi sínu og hélt fuðlum launum. Hins vegar er ljóst að aflahæfi hans hefir skerst af völdum slyssins. Þegar þetta er haft í huga þykir hæfilegt að meta tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku á 1.400.000,00 krónur, og hefir þá einnig verið höfð hliðsjón af því til lækkunar, að bætur þessar eru skattfrjálsar svo og verið tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu bótanna í samræmi við dómvenju.

Um 2. lið:

Þegar litið er til meiðsla gagnáfrýjanda, sjúkrasögu hans, svo og þess, að hann hefir viðvarandi þjáningar við hreyfingar í hálsliðum og öxlum, verulega kraftminnkun um vinstri öxl og dofa svo og minnkað skyn í I. og II. fingri vinstri handar, þykir miski hans hæfilega metinn á 200.000,00 krónur.

Um 3. lið:

Fallast ber á afgreiðslu héraðsdómara á þessum lið.

Um 4. lið:

Eigi er ágreiningur um þennan lið. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt því sem nú hefir verið rakið telst heildartjón gagnáfrýjanda 1.753.300,00 krónur. Frá þeirri fjárhæð ber að draga 99.847,00 krónur, sem gagnáfrýjandi fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins í maí 1985. Eftir standa þá 1.653.453,00 krónur, sem aðaláfrýjendum ber að bæta að hálfu, þ.e. 826.727,00 krónur, auk vaxta, svo sem í dómsorði greinir. Þykir samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 heimilt að taka dráttarvaxtakröfu gagnáfrýjanda til greina frá uppkvaðningu hæstaréttardóms þessa.

Eftir þessum málalokum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað óskipt 410.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar af nemur útlagður kostnaður 44.355,00 krónum.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Kjartan Ingimarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., greiði gagnáfrýjanda, Hjalta Þórarinssyni, óskipt 826.727,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 4. júní 1983 til 20. september 1983, 35% frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21,5% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. október 1987 til 31. október 1987, 20% frá 1. nóvember 1987 til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar 1988 til 29. febrúar 1988 og 19% frá 1. mars 1988 til uppkvaðningar hæstaréttardóms þessa, en eftir það með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir er hverju sinni.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 410.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 20. febrúar 1986 af Hjalta Þórarinssyni yfirlækni, nnr. 4183-9694, Laugarásvegi 36, Reykjavík, gegn Kjartani Ingimarssyni bifreiðastjóra, nnr. 5606-2718, Kirkjuteigi 9, Reykjavík, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf., nnr. 8134-7344, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkrafa að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða honum kr. 8.071.800,00 með 42% ársvöxtum frá 4.6. 1983 til 21.9. 1983, 35% frá 21.9. 1983 til 21.10. 1983, 32% frá 21.10. 1983 til 21.11. 1983, 27% frá 21.11. 1983 til 21.12. 1983, 21,5% frá 21.12. 1983 til 21.1. 1984, 15% frá 21.1. 1984 til 11.8. 1984, 17% frá 11.8. 1984 til 1.1. 1985, 24% frá 1.1. 1985 til 11.5. 1985, 22% frá 11.5. 1985 til 20.2. 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til vara að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða honum kr. 3.427.900,00 með sams konar vaxtafæti og í aðalkröfu, auk málskostnaðar.

Dómkröfur stefndu eru að sök verði skipt þannig að stefnandi beri $\frac{3}{4}$ hluta sakar, en ökumaður bifreiðar stefnda Kjartans $\frac{1}{4}$ hluta, og kröfur stefnanda aðeins að hluta teknar til greina, en málskostnaður látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómarans báru ekki árangur.

Mál þetta snýst um umferðarslys sem varð um kl. 15:00 laugardaginn 4. júní 1983 fyrir framan heimili stefnanda að Laugarásvegi 36 hér í borg. Stefnandi ók bifreið sinni R-60225, Dodge árgerð 1971, norður Laugarásveginn frá Langholtsvegi á leið heim til sín, en á eftir honum ók Kristinn Árni Kjartansson bifreiðastjóri fólksflutningabifreiðinni R-660, Mercedes-Benz, fyrir 20 farþega. Bifreiðarnar rákust saman á vinstri vegarhelmingi miðað við akstursstefnu þeirra, þegar stefnandi beygði til vinstri að innkeyrslu við bílskúr sinn en ökumaður fólksflutningabifreiðarinnar hugðist aka fram úr stefnanda. Lögregla kom á staðinn og gerði uppdrátt sem sýnir bifreið stefnanda með framhluta uppi á gangstétt, nokkurn veginn þvert fyrir á veginum, en hina bifreiðina með vinstra framhorn við gangstéttarbrún.

Meðstefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. hafði á hendi lögmælt ábyrgðartryggingu fyrir bifreið stefnda Kjartans og beindi stefnandi bóta-

kröfum að félaginu. Af hendi félagsins og beggja stefndu hefur því verið haldið fram í sáttaumleitunum að um árekstur þennan beri að hafa hliðsjón af fordæmi Hæstaréttar í svonefndum Álflheimadómi, Hrd. 1976, bls. 424, en á það hefur stefnandi ekki fallist.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að áreksturinn hafi alfarið verið sök ökumanns R-660 og stefndu beri því óskipt að bæta honum allt það tjón sem hann hafi orðið fyrir, en það sé bæði vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku sem metin hafi verið af Birni Önundarsyni lækni og tjón á bifreiðinni, afnotamissir og útlagður kostnaður.

Stefnandi lýsir árekstrinum þannig að hann hafi ekið sem leið lá um hábjartan dag við bestu skilyrði um kl. 15 á laugardegi, og verið að koma ofan af golfvöllinum í Grafarholti og ekið norður Laguarásveg að húsi sínu sem standi vestan megin við götuna og sé annað hús frá horninu á Sunnuvegi. Hann gjörþekki aðstæður þarna og umferðina á veginum. Hann hugðist beygja til vinstri að innkeyrslunni við bílskúrinn og ók mjög hægt og gaf stefnuljós til vinstri áður en hann sveigði að miðlínu götunnar, jafnframt því sem hann hugði að umferð á eftir og á móti. Hann sá enga umferð og ók því rակleitt yfir götuna. Þegar framhluti bifreiðar hans var kominn upp á gangstéttina við innkeyrsluna skall bifreiðin R-660 á vinstri hlið bifreiðar hans fyrir aftan miðju og kastaði henni 3 - 4 metra til hliðar. Stefnandi fékk mikið högg á höfuð, háls, herðar og vinstri öxl og mun hafa misst meðvitund augnablik.

Stefnandi var fluttur á slysadeild Borgarspítalans og fékk að fara heim eftir meðferð þar með mjúkan stuðningskraga um hálsinn. Hann var síðan til meðferðar hjá læknum og í sjúkraþjálfunarmeðferð á öxl og hálsi en hann var mjög þjáður fyrstu mánuðina eftir slysið og er enn. Hreyfingar í hálsliðum og vinstra axlarlið eru sárar og takmarkaðar, og kraftar í vinstri hendi eru skertir og dofi er í þremur fingrum vinstri handar. Stefnandi var til meðferðar hjá Jóhanni Guðmundssyni bæklunarlækni á Landspítalanum. Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda hinn 22. maí 1985 þannig:

Frá slysdegi talið í 4 mánuði 100%
eftir það í 6 mánuði 65%
þar á eftir í 6 mánuði 50%
en varanleg 30%

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði örorkutjón stefnanda, fyrst 2. júlí 1985 og síðan 17. nóvember 1986.

Stefnandi heldur því fram að ljóst sé að ökumaður bifreiðarinnar R-660

hafi einn átt sök á árekstrinum, og því beri alls ekki að skipta sök. Ökumaður fólksflutningabifreiðarinnar hafi ekið allt of hratt miðað við aðstæður og því hafi áreksturinn orðið. Bifreiðin R-60225 sé stór amerísk bifreið, eitt og hálf tonn að þyngd, en samt hafi fólksflutningabifreiðin kastað henni 3 - 4 metra til hliðar þegar hún skall á henni fyrir aftan miðju. Ökumaðurinn hafi heldur ekki getað nefnt neinar tölur um ökuhraða sinn, hvorki við lögreglu né hér fyrir dómi, og sé hann þó bifreiðastjóri að atvinnu. Hann hafi einfaldlega þverbrotið reglur um hámarkshraða og ekki fylgst með hvað var að gerast fyrir framan hann á veginum þegar hann hugðist aka fram úr bifreið stefnanda. Hann hafi engin merki gefið, hvorki hljóðmerki né ljósmerki. Laugarásvegurinn beygi þarna fyrir austan hús stefnanda og þegar aðstæður séu athugaðar megi sjá hvernig beygjan á veginum ásamt hinum mikla hraða R-660 geti skýrt hvers vegna R-660 hafi verið ekið á bifreið stefnanda, þar sem ökumaðurinn hafi ekki náð beygjunni vegna hraðans. Aðstæður skýri einnig hvers vegna stefnandi hafi ekki séð til ferða R-660 í baksýnispeglum þegar hann hugðist taka beygjuna heim að húsi sínu. R-660 hafi þá verið í hvarfi fyrir austan beygjuna eins og framlögð teikning á dskj. nr. 26 sýni glögglega. Af þessu sé sýnt að hefði ökumaður R-660 ekið sem lög mæla, þ.e. á mest 50 km hraða, þá hefði áreksturinn aldrei orðið. Þess vegna sé orsök árekstrarins hinn gapalegi akstur ökumanns bifreiðarinnar R-660. Hann hafi ekið bifreið sinni inn í vinstri hlið bifreiðar stefnanda þegar hún var komin hálf upp á gangstétt. Þetta sýni að svokallaður Álfheimadómur sé ekki fordæmi um þennan árekstur, þar séu aðrar aðstæður. Þar hafi ekki verið um of hraðan akstur að ræða og ákomustaðurinn hafi sýnt að fremri bifreiðin hafi beygt í veg fyrir þann sem var að aka fram úr, enda hafi það gerst úti á miðri götu. Hér sé því um ólíkan atburð að ræða, bæði um staðsetningu bifreiðanna á götunni og um ofsahraða þess sem er að aka fram úr, R-660 í þessu tilviki.

Ökumaður R-660 hafi brotið ákvæði um umferðarhraða í þéttbýli, sbr. 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Hann hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 49. gr., 2. mgr. og c- og d-liða 3. mgr. sömu greinar umferðarlaga, svo og gegn 3. og 4. mgr. 47. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefndu:

Stefndu styðja kröfu sína um sakarskiptingu með því að benda á hliðstæður árekstrarins við árekstur þann sem dómur Hæstaréttar 1976, bls. 424, Álfheimadómurinn, fjalli um, þar sem $\frac{3}{4}$ hlutar sakar hafi verið lagðir á þann sem beygði í veg fyrir þann sem var að fara fram úr. Stefndu benda á að stefnandi hafi ekið hægt og fært sig yfir í hægri kant eins og hann

hafi ætlað að stöðva bifreiðina þar. Þess vegna hafi ökumaður R-660 ákveðið að aka fram úr honum, enda hafi hann ekki séð stefnuljósmerki á bifreið stefnanda. Því sé eindregið mótmælt og enda ósannað með öllu að ökumaður R-660 hafi ekið of hratt. Ökumaður R-660 hafi lýst því hvernig hann hafi dregið bifreið stefnanda uppi og séð stefnanda lita til vinstri eins og hann væri að skoða hús og garða. Eðlilegt hafi því verið að aka fram úr honum, og það hafi hann gert, og ekki þurft að fara alveg yfir á vinstri vegarhelming til þess. En þá hafi stefnandi farið að beygja til vinstri, og ökumaður R-660 hafi séð það og hemlað og sveigt til vinstri en hjá árekstri varð ekki komist. Ökumaðurinn hafi viðurkennt að hafa ekki gefið hljóðmerki og þess vegna beri hann nokkra sök, sem eðlilegt sé að meta að $\frac{1}{4}$. Stefnandi beri hins vegar megin sök þar sem hann hafi brotið gegn 4. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Í þessum ákvæðum sé lögð sérstök skylda á ökumenn að gæta þess er þeir beygja á vegi að það valdi ekki hættu fyrir þá sem á eftir eða móti komi. Stefnandi segist hafa gefið stefnuljós og gætt að umferð fyrir aftan sig áður en hann beygði. Hið fyrri sé ósannað, og hið síðara sé fullyrðing sem varla fái staðist þar sem stefnandi hefði séð bifreið stefnda ef hann hefði litið í spegil. Stefnu halda því fram að bifreiðarnar hafi verið við miðju götunnar þegar áreksturinn varð. Bifreið stefnda hafi ýtt stefnanda til hliðar, en þeir hafi báðir haldið áfram í árekstrinum og hafi bifreið stefnanda dregið bifreið stefnda til, enda hafi stefnandi gefið í þegar hann sá að bifreið stefnda var að skella á honum.

Stefnu mótmæla kröfugerð stefnanda tölulega og benda á í fyrsta lagi að örorkutjón hans sé ofmetið. Þeir véfengja ekki að stefnandi hafi slasast og að örorka hans sé rétt metin eftir tíðkanlegum læknisfræðilegum aðferðum. Þeir mótmæla hins vegar að mat Björns Öundursonar sýni skert aflahæfi og vinnugetu stefnanda. Læknirinn hafi metið stefnanda 100% öryrkja í fjóra mánuði eftir slysið, en hann hafi sjálfur sagt hér fyrir dómi að hann hafi verið að aka bifreið á fyrirlestrarferð í Bandaríkjunum á þessum tíma. Stefnandi hafi sjálfur sagt að hann hafi ekki misst úr störfum sínum og að hann hafi haldið launum sínum óskertum. Framlögð skattframtöl sýni að launagreiðslur til hans fyrir aukastörf hafi dregist saman, en ósannað sé að það sé afleiðing þessa slyss. Því beri alfarið að sýkna af kröfu stefnanda um bætur vegna tímabundinnar örorku þar sem upplýst sé að hann hafi ekki orðið fyrir fjárhagstjóni vegna hennar. Stefnandi hafi verið metinn hafa 30% varanlega örorku, og ljóst sé að ekki beri að taka til greina bótakröfur byggðar á því vegna aðalstarfsins. Stefnandi sé farinn að reskjast, orðinn 67 ára, og ekki sé óeðlilegt að hann minnki við sig störf þess vegna, og hefði væntanlega gert það þótt slysið hefði ekki komið til. Þess vegna sé því eindregið mótmælt að stefnandi hafi orðið fyrir svo miklu

fjárhagstjóni við slysið sem ætla mætti af örorkumati og líkindareikningi. Þessi gögn séu einungis áætlanir en veiti ekki sönnun um tjón. Ljóst sé að yrðu kröfur stefnanda teknar til greina myndi hann verða betur settur en ef slysið hefði ekki orðið og það sé ekki ætlun skaðabótaréttar.

Í öðru lagi andmæli stefndu miskabótakröfu sem allt of hárrí og í engu samræmi við dómvenju.

Í þriðja lagi mótmæli stefndu því að stefnandi eigi rétt til verðs nýrrar bifreiðar fyrir hina gömlu. Verð sambærilegrar bifreiðar hafi verið um kr. 90.000,00 og verði að miða við það. Stefndu benda og á að frá bótagreiðslum til stefnanda beri að draga eingreiðslu, sem hann hafi fengið frá Tryggingastofnun ríkisins í maí 1985, kr. 99.847,00, en þess sé að engu getið í málatilbúnaði stefnanda.

Niðurstaða:

Um sök á árekstrinum:

Stefnandi og ökumaður bifreiðar stefnda Kjartans hafa ýtarlega lýst árekstrinum og aðdraganda hans. Teikning lögreglu af bifreiðunum á staðnum eftir áreksturinn sýnir að bifreið stefnanda hefur kastast til hliðar um 3 - 4 metra. Af lýsingu aðila og teikningunni má ráða að bifreið stefnanda hefur verið þvert fyrir á veginum, með framhjólín á gangstéttinni þegar bifreið stefnda skall á henni. Þá hefur bifreið stefnda verið á vinstra vegarhelmingi að aka fram úr stefnanda.

Ökumaður bifreiðar stefnda hefur lýst því að hann hafi séð til bifreiðar stefnanda framundan á götunni og ákveðið að aka fram úr henni vegna þess að hann taldi að ökumaðurinn ætlaði að stöðva bifreiðina hægra megin á götunni. Stefnandi gaf þó engin stefnumerkjaljós í þá átt. Ökumaðurinn byrjaði framúraksturinn þegar hann sá að bifreið stefnanda var komin framhá gatnamótum Sunnuvegjar, og hefur hann því farið yfir á vinstri vegarhelming við gatnamótin.

Þegar litið er til þess að ökumaður bifreiðar stefnda hefur ekki getað sagt til um ökumhraða sinn og hversu langt bifreiðin kastar stórrí og þungri bifreið stefnanda til hliðar verður að álykta að bifreið stefnda hafi verið ekið hraða en 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 mælir fyrir um, 50 km/klst. Vegna beygjunnar á veginum hafði ökumaðurinn ekki útsýn yfir akbrautina framundan, og vegna vegamótanna við Sunnuveg mátti hann ekki aka fram úr bifreið stefnanda á þessum stað, sbr. 3. mgr. 47. gr. Nú braut ökumaður bifreiðar stefnda þetta ákvæði og byrjaði framúrakstur. Þá bar honum að fara eftir ákvæðum 4. mgr. 47. gr. og gefa stefnanda merki, þannig að hann mætti vita um þá fyrirætlun. Þetta gerði ökumaðurinn ekki og verður að telja að hann beri því sök á árekstrinum.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi gefið merki með stefnuljósum

um fyrirhugaða beygju til vinstri að húsi sínu en ökumaður bifreiðar stefnda kveðst ekki hafa séð þau. Gegn andmælum stefndu hefur stefnandi ekki sannað að hann hafi gefið stefnuljósmerki. Stefnandi kveðst hafa litið í baksýnispegla áður en hann beygði. Þá hefði hann átt að sjá til bifreiðar stefnda sem ekki gat verið alveg í hvarfi vegna fjarlægðar, þá hefði áreksturinn vart orðið. Þegar þetta er virt verður að telja að stefnandi beri einnig sök á árekstrinum.

Þegar sök er skipt í máli þessu verður að hafa hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar 1976, bls. 424, var ökumanni í sporum ökumanns bifreiðar stefnda metið til $\frac{1}{4}$ hluta sakar að hafa ekki gefið merki skv. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga, en í dómi 1986, bls. 376, til $\frac{1}{2}$ hluta sakar, enda voru þeir í hvorugu tilviki taldir hafa ekið á ólöglegum hraða. Í máli því sem hér er til úrlausnar verður að telja að ökumaður bifreiðar stefnda hafi ekið á ólöglegum hraða, og að hann beri aukna sök þess vegna. Með hliðsjón af þessum fordæmum Hæstaréttar og hraða bifreiðar stefnda þykir rétt að skipta sök ökumanna að jöfnu og verður stefnandi því að bera tjón sitt að hálfu leyti sjálfur en stefndu bæti honum það óskipt að hálfu.

Um tjón stefnanda.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð dómkrafna sinna og rökstyður á eftirfarandi hátt.

Aðalkrafa stefnanda kr. 8.071.800,00 sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón, kr. 6.246.000,00.

Byggt er á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings dags. 2. júlí 1985, og sú fjárhæð síðan þrefölduð. Krafan er höfð svona há til að hún nái yfir þær hækkanir sem kunna að verða á tjóni stefnanda á næsta einu til tveimur árum, ef svo kynni að fara að máli þessu yrði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, en auknum kröfum yrði þá ekki við komið.

2. Miskabætur, kr. 1.500.000,00.

Miskabætur er að sjálfsögðu erfitt að ákvarða, en krafan er höfð svona há til að mæta hugsanlegum verðhækkunum á næstu árum verði máli þessu áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Til stuðnings miskabótakröfunni skal þó bent á eftirfarandi: Stefnandi býr við stöðugar þjáningar. Hreyfingar í hálslið og vinstri öxl eru sárar og takmarkaðar. Sársaukinn verður hans fylgiskur það sem eftir er. Vegna verkjanna á stefnandi oft erfitt með svefn. Stefnandi stundaði reglulega íþróttir sér til heilsubótar, svo sem badminton tvisvar í viku, golf og sund. Eftir slysið varð hann að hætta þessum iðkunum um sinn og alveg badminton, en hefir getað stundað sunnið og golfið og verður þó að viðhafa alla gát.

3. *Tjón á bifreiðinni R-60225, kr. 310.000,00.*

Um algert tjón á bifreiðinni R-60225 var að ræða og þurfti stefnandi því að kaupa sér nýja bifreið sem kostaði kr. 310.000,00. Bifreiðin R-60225 var af árgærd 1971, en aðeins ekin 75.926 km, sem er ekki mikið af slíkum gæðavagni að vera. Í október 1982 og mars 1983 hafði stefnandi látið fara fram miklar viðgerðir á bifreiðinni, fyrir samtals kr. 65.876,55.

4. *Gjald fyrir afnotamissi, kr. 3.300,00.*

Samkvæmt upplýsingum frá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf. greiddi félagið kr. 300,00 á dag í afnotamissi af bifreiðum í júní 1983. Stefnandi festi kaup á bifreið í staðinn fyrir R-60225 þann 15. júní 1983, eða 11 dögum eftir slysið. Hann var því án bíls þann tíma og gerir kröfu um greiðslu fyrir afnotamissi í þessa 11 daga.

5. *Útlagður kostnaður, kr. 12.500,00.*

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu á útlögðum kostnaði sem sundurliðast þannig:

Læknisvottorð	kr.	3.000,00
Örorkumat	"	5.000,00
Örorkutjónsútreikningur	"	4.500,00
		<hr/>
	Samtals kr.	12.500,00

Varakrafa stefnanda, kr. 3.427.900,00 sundurliðast þannig:

1. *Örorkutjón, kr. 2.598.100,00.*

Krafan byggist á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 17. nóvember 1986.

2. *Miskabætur, kr. 500.000,00.*

Vardandi rökstuðning fyrir miskabótakröfu vísast til þess er sagði um miskabætur í aðalkröfu.

3. *Tjón á bifreiðinni R-60225, kr. 310.000,00.*

Visað er til þess er sagði um þetta í aðalkröfu.

4. *Gjald fyrir afnotamissi, kr. 3.300,00.*

Visað er til þess er sagði um þetta í aðalkröfu.

5. *Útlagður kostnaður, kr. 12.500,00.*

Visað er til þess er sagði um útlagðan kostnað í aðalkröfu.

1. - 2. Örorokutjón og miski. Stefnaði byggir á örorokutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 17. nóvember 1986, sem hljóðar svo:

„Hjalti Þórarinsson varð fyrir umferðarslysi 4. júní 1983 og slasaðist á vinstri öxl. Hann er fæddur 23. mars 1920 og hefur því verið 63 ára á slysdegi.

Björn Öndurason læknir hefur í örorokumati dags. 22. maí 1985 metið öroroku af völdum slyssins þannig:

Frá slysdegi í 4 mánuði 100%

Eftir það í 6 mánuði 65%

Eftir það í 6 mánuði 50%

Varanleg öroroka 30%.

Samkvæmt afritum af skattframtölum Hjalta voru launatekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið sem hér segir:

Árið 1980 gkr. 19.362.861,00

Árið 1981 nýkr. 325.104,00

Árið 1982 nýkr. 488.478,00

Launin eru að langmestu leyti frá fjármálaráðuneytinu (rikisspítölum), en lítil hluti er reiknuð laun í eigin atvinnurekstri.

Þegar launatekjurnar hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga fæ ég út árstekjur kr. 1.631.400,00 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og öroroka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 808.200,00	591.700,00
2. — — —	“ 1.040.400,00	374.100,00
3. — — —	“ 1.375.900,00	412.800,00
4. — — —	” 1.615.400,00	484.600,00
Síðan árlega	“ 1.631.400,00	489.400,00

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar öroroku kr. 632.700,00

— varanlegar öroroku “ 1.965.400,00

kr. 2.598.100,00

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 17. nóvember 1986 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (42% frá slysdegi til 20/9 '83, 35% frá 21/9 til 20/10 '83, 32% frá 21/10 til 20/11 '83, 27% frá 21/11 til 20/12 '83, 21,5% frá 21/12 '83 til 20/1 '84, 15% frá 21/1 til 12/8 '84, 17% frá 13/8 til 31/12 '84, 24% frá 1/1 til 10/5 '85, 22% frá 11/5 '85 til 28/2 '86, 12% frá 1/3 til 31/3 '86 og 9% frá 1/4 1986). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árunna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta.

Til viðbótar við upplýsingar um launatekjur stefnanda hafa verið lögð fram skattframtöl og aðrar upplýsingar, sem sýna þessar launatekjur:

Árið 1983 kr. 744.600,00

Árið 1984 kr. 870.806,00

Árið 1985 kr. 1.280.467,00

Árið 1986 kr. 1.610.566,00.

Aðalkrafa stefnanda byggist á örorkutjónsútreikningnum þreföldum, til þess að krafan nái yfir þær hækkningar sem kunna að verða á tjóni stefnanda á næsta einu til tveimur árum ef svo kynni að fara að máli þessu yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Skilja verður þessa kröfugerð stefnanda svo að hér fyrir dómi komi aðeins fjárhæðir í varakröfu til skoðunar.

Varakrafa stefnanda í þessum lið er sundurliðuð þannig:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 632.700,00

Vegna varanlegrar örorku kr. 1.965.400,00

Fallast ber á með stefndu að tímabundin örorka sé raunverulegur missir tekna hins slasaða um stundarsakir. Stefnandi missti einskis í launatekjum sínum þegar hann varð óvinnufær vegna slyssins, og verður því bótakrafa vegna tímabundinnar örorku ekki tekin til greina.

Stefndu telja bótakröfur vegna varanlegrar örorku allt of háar og benda á að sýnt sé að stefnandi hafi ekki lækkað í launum eftir slysið, og að um tekjutap hjá stefnanda sé ekki að ræða.

Föst dómvenja hefur myndast um að leggja læknisfræðilegt mat á varanlegri örorku til grundvallar mati á tekjutapi í skaðabótamálum, og skiptir þá ekki máli þótt upplýst sé að tjónþoli hafi meiri tekjur eftir slys en áður. Forsenda slíks læknisfræðilegs örorkumats er þó sú að meiddslin séu fallin til þess að skerða starfsorku tjónþola. Dómvenjan byggist á notkun ákveðinna læknisfræðilegra röksemda um varanlega örorku, og verður því að

telja að leiða þurfi læknisfræðileg rök gegn slíku mati ef því á að hnekkja. Stefnu hafa ekki leitast við það (sic).

Ljóst er að stefnandi hefur bæði orðið fyrir fjártjóni og miska vegna slyssins 4. júní 1983. Eftir atvikum þykir rétt að ákvarða stefnanda bætur í einu lagi fyrir fjártjón og miska, og að taka þessa kröfuliði til greina með kr. 2.100.000,00.

3. Tjón á bifreiðinni R-60225. Fallast ber á með stefndu að stefnandi eigi ekki rétt til verðs nýrrar bifreiðar fyrir þá sem skemmdist. Bifreiðin R-60225 var tólf ára gömul en lítið ekin, gæðavagn sem skemmdist algerlega, og verður að telja að verð sambærilegrar bifreiðar sé hæfilega metið kr. 150.000,00. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina með þeirri fjárhæð.

4. Þessi liður hefur ekki sætt andmælum, og verður því tekinn til greina með kr. 3.300,00.

5. Þessi liður telst til málskostnaðar.

Tjón stefnanda telst því hafa numið samtals kr. 2.253.300,00. Af því ber stefndu að greiða honum helming, eða kr. 1.126.650,00 að frádregnum kr. 99.847,00, sem stefnandi fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins í maí 1985. Verða stefndu því dæmdir til að greiða stefnanda óskipt kr. 1.026.803,00 ásamt vöxtum.

Vaxtakrafa stefnanda sætir ekki andmælum nema að því er varðar dómvexti. Með vísan til fordæma Hæstaréttar, t.d. 1984, bls. 917, verða dómvextir dæmdir frá dómshögudegi.

Eftir þessum málalokum verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 200.000,00, þar með talinn útlagður kostnaður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Kjartan Ingimarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., greiði stefnanda, Hjalta Þórarinssyni, óskipt kr. 1.026.803,00 með 42% ársvöxtum frá 4. júní 1983 til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 9% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000,00 í málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.